

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 259/2018

2021/EES/62/38

frá 5. desember 2018

um breytingu á XX. viðauka við EES-samninginn (Umhverfismál)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1031/2010 frá 12. nóvember 2010 um tímasetningu, stjórnun og aðra þætti í tengslum við uppboð á heimildum til losunar gróðurhúsalofttegunda samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins⁽¹⁾ var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun nr. 152/2012 frá 26. júlí 2012⁽²⁾.
- 2) Tuttugu og fimm aðildarríki (hér eftir „þáttökuríkin“) og framkvæmdastjórnin, fyrir hönd Evrópusambandsins, hafa gert með sér samning um sameiginleg innkaup til að efna til sameiginlegs uppboðsvettvangs⁽³⁾, og öll aðildarríkin (hér eftir „aðildarríkin“) og framkvæmdastjórnin, fyrir hönd Evrópusambandsins, hafa gert með sér samning um sameiginleg innkaup á uppboðsvaktara⁽⁴⁾ (hér eftir „samningarnir um sameiginleg innkaup“).
- 3) 165. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 2018/1046 frá 18. júlí 2018 um fjárhagsreglur sem gilda um fjárlög Sambandsins, um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1296/2013, (ESB) nr. 1301/2013, (ESB) nr. 1303/2013, (ESB) nr. 1304/2013, (ESB) nr. 1309/2013, (ESB) nr. 1316/2013, (ESB) nr. 223/2014, (ESB) nr. 283/2014, og ákvörðun nr. 541/2014/ESB og um niðurfellingu á (ESB, Euratom) nr. 966/2012⁽⁵⁾ gerir ráð fyrir því að Evrópusambandið geti staðið að sameiginlegu innkaupaferli ásamt ríkjum Fríverslunarsamtaka, Evrópu EFTA-ríkjunum, eða umsóknarlöndum Evrópusambandsins ef kveðið hefur verið sérstaklega á um þennan möguleika í tvíhliða eða fjölþjóða ríkjasamningi.
- 4) EFTA-ríkin sem eiga aðild að EES-samningnum hafa því ákveðið að efna til sameiginlegs innkaupaferlis, ásamt framkvæmdastjórninni og þáttökuríkjunum, til þess að tilnefna einn uppboðsvettvang eða fleiri sem kveðið er á um í 1. mgr. 26. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1031/2010 frá 12. nóvember 2010 og ásamt framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum til þess að tilefna uppboðsvaktara sem kveðið er á um í 24. gr. sömu reglugerðar, að loknu sameiginlegum innkaupum í skilningi 165. gr. reglugerðar (ESB, KBE) nr. 2018/1046.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1902 frá 18. október 2017 um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1031/2010 til að aðlagða uppboð á losunarheimildum að ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/1814 og til að skrá uppboðsvettvang sem Bretland tilnefnir⁽⁶⁾.
- 6) XX. viðauka við EES-samninginn er því breytt í samræmi við það.
- 7) Þátttaka EFTA-ríkjanna í sameiginlegu innkaupaferli byggist á því að þau verði aðilar að samningum um sameiginleg innkaup. Í samræmi við skilmála samninga um sameiginleg innkaup sem gera ráð fyrir möguleikanum á því að EFTA-ríkin taki þátt í sameiginlegum aðgerðum hefur framkvæmdastjórnin heimild til þess að undirrita fyrir hönd hvers aðildarríkis samning við EFTA-ríkin þar sem EFTA-ríkin gerast aðilar að samningum um sameiginleg innkaup.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 302, 18.11.2010, bls. 1.⁽²⁾ Stjtið. ESB L 309, 8.11.2012, bls. 38.⁽³⁾ https://ec.europa.eu/clima/sites/clima/files/ets/auctioning/docs/en_cap_en.pdf⁽⁴⁾ https://ec.europa.eu/clima/sites/clima/files/ets/auctioning/docs/en_am_en.pdf⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 193, 30.7.2018, bls. 1.⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 269, 19.10.2017, bls. 13.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Viðauka XX. við EES-samninginn verður breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 21ala (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1031/2010):

„— **32017 R 1902:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1902 frá 18. október 2017 (Stjtið. ESB L 269, 19.10.2017, bls. 13).“

2. Í stað aðlögunartexta liðar 21ala (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1031/2010) kemur eftirfarandi:

„a) Að því er EFTA-ríkin varðar, orðast fyrsti málslíður 7. gr. 22. gr. svo:

„EFTA-ríkin skulu upplýsa Eftirlitsstofnun EFTA um auðkenni uppboðshaldarans/uppboðshaldaranna og samskiptaupplýsingar hans/þeirra, sem mun koma þeim til framkvæmdastjórnarinnar.“,

b) Eftirfarandi málslíð er bætt við 2. mgr. 24. gr.:

„Með fyrirvara um gerð samkomulags EFTA-ríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar fyrir sitt leyti sem og fyrir hönd aðildarríkjanna þar sem EFTA-ríkin verða aðilar að samningi um sameiginleg innkaup til þess að tilefna uppboðsvaktara, skulu EFTA-ríkin taka þátt í sameiginlegum aðgerðum í samræmi við þessa grein.“,

c) Eftirfarandi málslíð er bætt við 1. mgr. 26. gr.:

„Með fyrirvara um gerð samkomulags EFTA-ríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar fyrir sitt leyti sem og fyrir hönd aðildarríkjanna þar sem EFTA-ríkin verða aðilar að samningi um sameiginleg innkaup til þess að tilefna sameiginlegan uppboðsvettvang, skulu EFTA-ríkin taka þátt í sameiginlegum aðgerðum í samræmi við þessa grein.“,

d) Ákvæði 30. til 32. gr. gilda ekki um EFTA-ríkin,

e) Eftirfarandi undirgrein er bætt við 3. mgr. 52. gr.:

„Hlutdeild í kostnaði vegna uppboðsvaktara í tengslum við uppboðsvettvanginn sem er tilnefndur í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skal skipt milli aðildarríkjanna sem taka þátt í sameiginlegum aðgerðum og EFTA-ríkjanna í samræmi við hlutdeild þeirra í heildarfjölda losunarheimilda sem boðinn er upp á þeim uppboðsvettvangi sem um ræðir.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2017/1902, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. desember 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. desember 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.